

# FUNDARGERÐ

## 153. stjórnarfundur KRAFT

153. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 29. maí 2023, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn, Auðunn, María, Kristleifur, Lára og Laufey  
Fjarverandi : Aron Ingi  
Fundarritari : Laufey

### 1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

### 2. MÓT INNANLANDS

Bikarmót í bekkpressu og klassískri bekkpressu í ágúst verður haldið í íþróttahúsi Fellaskóla í Breiðholti. Ármann er mótshaldari.

ÍM í réttstöðulyftu sem haldið var á Akureyri á vegum nýrrar lyftingardeildar KA gekk mjög vel í alla staði.

ÍM unglunga og öldunga verður haldið í Sporthúsinu. Mótshaldari er LFK. Mótið mun verða haldið á sunnudegi ekki laugardegi þ.e. 19. nóvember.

Bikarmótið verður haldið í október í Mosfellsbæ. Formaður mótanefndar ræðir við Hjalta Úrsus.

### 3. EM Í BÚNAÐI

Auðunn sagði frá ferðinni. Hörkufín ferð. Sóley Margrét átti glimrandi mót. Alex var því miður lasinn í aðdragandinum og náði ekki að gera sitt besta en gekk vel miðað við að hann keppti lasinn. Góður andi í ferðinni, flott mót í alla staði og flottir aðstoðarmenn.

Af heimasíðu KRAFT :

*Sóley lyfti 270 kg í hnébeygju og voru allar lyftur gildar hjá henni þar. Í bekkpressu fóru 182,5 kg upp í annarri tilraun. Í þriðju tilraun reyndi hún við 190 kg en fékk þá lyftu dæmdu ógilda þrátt fyrir að hún færi alla leið upp með tvö rauð ljós gegn einu hvítu. Í réttstöðulyftu lyfti hún 207,5 kg og voru allar lyftur gildar hjá henni þar. Samtals 660 kg, en næsti keppandi lyfti 622,5 kg. Sóley hlaut gull í hnébeygju og bekkpressu og silfur í réttstöðu.*

*Alex lyfti 317,5 kg í hnébeygju og var hársbreidd frá því að fá gilda lyftu með 330 kg (tvö rauð ljós á dýpt) sem hefði fleytt honum í verðlaunasæti í beygjunni. Í bekkpressu lyfti hann 207,5 kg og 270 kg í réttstöðulyftu. Samanlagt fóru því 795 kg á loft sem dugðu til fimmta sætis af níu keppendum í sterkum flokki.*

### 4. EPF ÞINGIÐ

Það urðu mannskipti í stjórn EPF m.a. nýr formaður, Björn Astad frá Noregi. Á næsta ári verður EPF þingið fært fram í mars þegar EM í klassík verður haldið. Þetta er talið hentugra þ.s. fulltrúar fleiri landa mæta á klassíska mótið. Umræða varð á þinginu um búnaðinn. Einhver umræða varð um skipulagningu á skráningarferlinu m.a. með hliðsjón af hótelpöntunum. Ekkert ákveðið að sinni en er í vinnslu.

## 5. VESTUR-EVRÓPUMÓTIÐ

Kristleifur er í sambandi við Ellert formann Massa sem mun halda mótið. Stjórn var sammála um að hitta Ellert og fara yfir verkefnalistann og mönnunarlistann.

Listinn yfir keppendur hefur verið uppfærður. Samtals eru 7 konur og 12 karlar í klassík auk 7 í búnaði. Megum vera með A og B lið, 6 konur og 6 karlar í hvoru liði. Skipting í lið mun fara eftir lokafjölda keppenda.

## 6. HM Í KLASSÍK OG IPF ÞINGIÐ

Styttist í mótið og allt orðið klárt. Hinrik mætir á þingið. Ekki miklar mannabreytingar og engar strategískar lagabreytingar. Umræða mun verða um súpó. Í fyrsta skipti verður rafræn atkvæðagreiðsla.

## 7. HM UNGLINGA

Það verða fjórir keppendur sem fara. Staðfesta þarf fljótlega aðstoðarmenn og dómara. Lára skoðar skipulagið (tímasetningar, mannskap og keppnisdaga). Einnig mun Lára staðfesta við gjaldkera lokaútgáfu á plagginu með upplýsingum um styrki vegna keppnisferða (samþykkt af stjórn) og verður lokaútgáfan birt á heimasíðu KRAFT undir „Afrekasmál“. Fréttatilkynning verður send út á fjölmiðla (Hinrik).

## 8. NM UNGLINGA

Það er þegar kominn spenningur í mannskapinn. Ljóst að tveir keppendur fara á HM en ekki NM. Keppendur eru núna samtals 19. Boð frá NPF kemur um miðjan júní. Samþykkt að undirbúningsfundur ásamt æfingu verði sunnudaginn 13. ágúst, daginn eftir bikarmót í bekk. Skyldumæting er á undirbúningsfundinn og æfinguna. Keppendur þurfa ekki að taka ADEL fyrir NM en það er þó kostur að gera það. EPF samþykkir Evrópumet á NM en IPF hefur ekki hingað til samþykkt heimsmet. Lára kannar gögn sem þarf að hafa fyrir fundinn vegna samþykkis foreldra / forráðamanna auk þess að benda keppendum á að hafa með sér evrópska sjúkratryggingakortið. Drög að aðstoðarmönnum og dómurum eru komin.

## 9. RIG

Unnið er að stefnumótun RIG. Fundur var haldinn um daginn með vinnuhópum. Hóparnar þurftu að svara ýmsum spurningum um leikana. Efnið verður tekið saman og frkv.stjórn RIG fer yfir gögnin. Niðurstaðan verður tekin fyrir á næsta fundi.

## 10. ASJ

Aftekssjóður gerir núna strangari kröfur á styrkþega um upplýsingagjöf en þeir þurfa núna að skila inn regluglega skýrslu um framgang til sjóðsins. Formaður, íþróttastjóri, frkv.stj. og aðrir stjórnarmenn eiga fund með Vésteini Hafsteinssyni afrekssjóra ÍSÍ núna í júní. Hinrik staðfestir tíma og stað.

## 11. ÍM DL Á NÆSTA ÁRI

Á mótinu fyrir norðan um daginn var rætt um að endurtaka leikinn að ári. Lagt til að að færa mótið aftur í júní, sömu helgi og sumarmótið er í ólympískum lyftingum. Til dæmis réttstöðulyfta á laugardegi og sumarmót á sunnudegi. Eitt stórt lyftingamót á Akureyri. Stjórn KRAFT tók vel í tillöguna.

## 12. AGABROT

Upp kom agabrot hjá félagsmanni KRAFT. Um er að ræða ítrekunarbrott hjá viðkomandi.

Stjórn KRAFT samþykkti að félagsmaður verður settur í 12 mánaða keppnisbann vegna brota á 6. gr. mótareglna. Keppnisbannið gildir frá og með 29. maí 2023. Félagslið viðkomandi verður einnig upplýst um samþykkt stjórnar. Málið er skráð í trúnaðarbók KRAFT.

### **13. KVÖRTUN**

Stjórn KRAFT barst kvörtun frá keppanda eftir ÍM í bekk. Málið er skráð í trúnaðarbók KRAFT.

### **14. ÖNNUR MÁL**

Stjórn samþykkti að á heimasíðu KRAFT verði sett inn áminning til félagsmanna að samkvæmt mótareglum er óheimilt að taka þátt í mótum sem ekki eru undir hatti KRAFT og IPF að viðlögðu keppnisbanni. Þetta gildir um alla aðkomu að slíkum mótum, hvort sem er sem keppandi, þjálfari, starfsmaður eða annað slíkt.

### **15. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR**

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

### **16. FUNDARLOK**

Fundi slitið kl. 22.10.